

tengir hús sitt við holræsakerfi bæjarins. Tengigjald þetta skal vera kr. 3000.00 fyrir hús með einni íbúð, en auk þess kr. 1000.00 fyrir hverja íbúð, sem er í húsi umfram eina, og fyrir atvinnuhúsnæði skal tengigjaldið vera kr. 6000.00. Húseigandi getur eigi krafizt tengingar við holræsakerfið, fyrr en tengigjaldið er greitt. Þá skal og hver húseigandi greiða árlegt holræsagjald til bæjarsjóðs 1.2% af fasteignamatsverði húss og lóðar, þó aldrei lægra en kr. 500.00.

Heimilt er að ákveða holræsagjald af óbyggðum lóðum, er liggja að götu, vegi eða opnu svæði, þar sem holræsi liggur.

Bæjarstjórn getur hækkað eða lækkað holræsagjöld um allt að 50%, þar sem sérstakar ástæður liggja til.

Holræsagjöldin skal reikna í heilum krónum.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Keflavíkurkaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 22. janúar 1971.

Emil Jónsson.

Hallgrímur Dalberg.

26. janúar 1971.

Nr. 18.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um bann við veiði smásildar nr. 7 22. febrúar 1966, og um bann við loðnuveiðum.

1. gr.

Í stað orðanna: „23 cm“ í 1., 2., 3. og 5. gr. reglugerðarinnar komi orðin: 25 cm.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á árinu 1971 er óheimilt að veiða meira en 25 þúsund lestir sildar á svæði fyrir Suður- og Vesturlandi frá línu, sem hugsast dregin í réttvísandi suðaustur frá Eystra-Horni suður um og vestur fyrir að línu, sem hugsast dregin réttvísandi norðvestur frá Rit. Á tímabilinu frá 15. febrúar til 1. september 1971 eru sildveiðar þó bannaðar á þessu svæði.

Drátt fyrir veiðibann samkvæmt 1. mgr. þessa ákvæðis veitir sjávarútvegsráðuneytið, að fengnu álitu Hafrannsóknastofnunarinnar og Fiskifélags Íslands, leyfi til veiði sildar á þessu svæði til niðursuðu eða annarrar vinnslu til manneldis eða heitu. Leyfi þessi má binda skilyrðum, sem nauðsynleg þykja. Þó verða slík leyfi ekki veitt á tímabilinu 1. júlí til 15. ágúst 1971.

Á tímabilinu 1. marz til 30. apríl 1971 eru loðnuveiðar bannaðar austan 12°30' vesturlengdar milli 64°30' og 66°00' norðurbreiddar.

Á tímabilinu 1. maí til 31. júlí 1971 eru allar loðnuveiðar bannaðar.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 1. gr. laga nr. 44 5. apríl 1948 um vísindalega verndun fiskimiða landsgrunnnsins til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 13 9. janúar 1970 um breyting á reglugerð um bann við veiði smásildar nr. 7 22. febrúar 1966.

Sjávarútvegsráðuneytið, 26. janúar 1971.

Eggert G. Þorsteinsson.

Jón L. Arnalds.